



Hátíðarveisla nýstúdenta

17. júní 2025

Menntaskólinn á Akureyri

Skólasöngur MA (Lag: Páll Ísólfsson - Texti: Davíð Stefánsson)

Undir skólans menntamerki
mætast vinir enn í dag.
Sýnum öll í vilja og verki
vöxt og trú og bræðralag.
Forna dáð er fremd að rækja.
Fagrir draumar rætast enn.
Heill sé þeim, sem hingað sækja,
höldum saman, Norðanmenn.



Allt skal lúta einum vilja.
Allt skal muna þennan dag.
Allir sem við skólann skilja
skulu syngja þetta lag.
Sýnum öll á sjó og landi
sigurþrek hins vitra manns.
Sýnum það að afl og andi
eigi skóla norðanlands.



SÖNGSALUR – Draumur um Nínu

Núna ertu hjá mér, Nína
strýkur mér um vangann, Nína
Ó... haltu í höndina á mér, Nína
því þú veist að ég mun aldrei aftur
ég mun aldrei, aldrei aftur
aldrei aftur eiga stund með þér

Það er sárt að sakna, einhvers
lífið heldur áfram, til hvers?
Ég vil ekki vakna, frá þér
Því ég veit að þú munt aldrei aftur...
Þú munt aldrei, aldrei aftur
aldrei aftur strjúka vanga minn.

Þegar þú í draumum mínum birtist allt er ljúft og
gott
og ég vildi og gæti sofið heila öld
því að nóttin veitir aðeins skamma stund með þér
Er ég vakna - Nína, þú ert ekki lengur hér
opna augun - enginn strýkur blítt um vanga mér
Dagurinn er eilífið, án þín
kvöldið kalt og tómlegt, án þín
er nóttin kemur fer ég, til þín
Þegar þú í draumum mínum...o.s.frv.

Í síðasta skipti

Ég man það svo vel.

Manstu það hvernig ég sveiflaði þér.

Fram og tilbaka í örmunum á mér.

Ég man það, ég man það svo vel.

Því þessar minningar, minningar kvelja mig, kvelja mig.

Gerðu það, leyf mér að leiða þig.

Í síðasta skipti...

Haltu í höndina á mér og ekki sleppa
sýndu mér aftur hvað er að elska
og o-o-o-o
Segðu mér
að þú finnir ekkert og enga neista
og slokknað í þeim glóðum sem brunnu heitast
þá rata ég út

Í síðasta skipt frh.

Ég man það svo vel.

Manstu það hvernig þú söngst alltaf með.

Hver einasta bílferð sem tónleikar með þér.

Ég man það, ég man það svo vel.

Því þessar minningar, minningar kvelja mig, kvelja mig.

Gerðu það, leyf mér að leiða þig.

Í síðasta skipti.
Haltu í höndina á mér og ekki sleppa.
Sýndu mér aftur hvað er að elska
og o-o-o-o
segðu mér
að þú finnir ekkert og enga neista
og slokknað í þeim glóðum sem brunnu heitast.
Í síðasta skipti

Ferðalok

Er völlum grær og vetur flýr
og vermir sólin grund,
kem ég heim og hitti þig,
verð hjá þér alla stund.

Við byggjum saman bæ í sveit
sem brosir móti sól,
þar ungu lífi landið mitt,
mun ljá og veita skjól.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökulinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig
sem mér fagnar höndum tveim.
Ég er kominn heim,
já ég er kominn heim...



Við kveðjum MA

(Lag: We are the Champions – Queen)

Við loks erum laus - léttir það er.

Við vorum besti - bekkur „ever“.

Skelfileg fregn - skólans er tjón.

En við fögnum fríð með fannhvítan koll

Það dýrleg er sjón!

Og við ætlum að fagna, fagna, fagna því...

Við kveðjum MA - með stæl
af krafti við syngjum - glöð og sæl.
Við kveðjum MA,
VIÐ kveðjum MA
Klökk þó í hjarta
því við kveðjum MA
í kvöld.

Við kveðjum MA frh.

Far burtu nám - og fjarvistastreð.
Velkomið frelsi, fjör og fjandans - fasteignaveð
kennara kveðjum, og þín skólahús
Því lokuð er bók – við vorum svo klók
Og við förum fús!
Og við ætlum að fagna, fagna, fagna því...

•

Við kveðjum MA - með stæl
af krafti við syngjum - glöð og sæl.
Við kveðjum MA,
VIÐ kveðjum MA
Klökk þó í hjarta því
við kveðjum MA
í kvöld.

Við kveðjum MA - með stæl
af krafti við syngjum - glöð og sæl.
Við kveðjum MA,
VIÐ kveðjum MA
Klökk þó í hjarta
því við kveðjum MA
í kvöld.



Hátíðarveisla nýstúdenta 2025